

**Ed**

**495. Nefndarállit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Þetta frv. fekk mjög góðan byr í neðri deild, einkum vegna þess að fulltrúar fyrir sveitakjördæmi leggja mikla áherslu á að færa kjördaginn frá fyrsta vetrardegi yfir á dag í sláttarbyrjun. Því er haldið fram, að ef stórhrið

er, eins og vel getur verið í vetrarbyrjun, geti svo farið, að kosning falli nálega niður í sumum hinum strjálbygðari sveitum víðsvegar um land. Nefndin viðurkennir, að þetta sje rjettmæt aðfinsla. En um sama leyti sem frv. var samþ. í neðri deild, tóku að berast hávær mótmæli úr mörgum kauptúnum og sjóþorpum móti því að færa kjördaginn yfir á vorið. Er þar haldið fram, að sú breyting myndi svifta fjölda manna í kauptúnunum atkvæðisrjetti, því að á þeim tíma árs sje mikill fjöldi manna við sjávarsiðuna fjarverandi við vinnu. Nefndin verður líka að játa, að þessi mótmæli hafa einnig við mikil rök að styðjast. Það kom til orða í nefndinni að freista að sigla fram hjá báðum þessum skerjum með því að hafa kjördagana tvo. Væri í sveitakjördæmunum kosið á vorin, en í kaupstöðunum, þeim sem eru sjerstök kjördæmi, á haustin eins og nú. Talning atkvæða færi ekki fram fyr en á haustin eftir að kosningu væri lokið í bæjunum. Með þessu móti væri kjósendum bæði í kauptúnunum og sveitunum gert kleift að neyta kosningarrjettarins undir þeim kringumstæðum, sem báðum eru hagfeldastar.

Nefndin játar, að þetta væri nýmæli og telur rjett, eins og á stendur, að fela stjórninni að rannsaka kjördagsmálið til hlítar og byggja síðan frv. á þeim rannsóknum.

Tveir nefndarmanna (Jóh. Jóh. og E. P.) telja vafasamt, að rjett sje að ákveða, að atkvæðaseðill í tvímenningskjördæmi sje ógildur, ef að eins einn er kosinn, því að með því geti menn verið neyddir til að velja milli þess að láta vera að neyta kosningarrjettar sins og greiða frambjóðanda atkvæði, er þeir geta ekki felt sig við að kjósa, en hins vegar er nefndin öll sammála um það, að nauðsyn beri til, að lögin sjálf skeri beint úr þeim ágreiningi, sem verið hefir í því efni.

Nefndin var öll sammála um, að til bóta væri að geta haft tvær til þrjár kjördeildir í viðlendum hreppum.

Með þessum ummælum leyfir nefndin sjer að mæla með því, að máli þessu verði að þessu sinni ráðið til lykta með samþykkt svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Í trausti þess, að stjórnin taki alþingiskosningalögin til nákvæmrar athugunar, bæði með tilliti til breytinga þeirra, er fyrirbyggjandi frv. felur í sjer, og svo sjerstaklega til þess, hvort hægt sje að hafa kjördagana tvo, og leggi árangurinn af athugunum sínum fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Eggert Pálsson,  
fundaskrifari.

Jónas Jónsson,  
frsm.